

AUGLÝSING

um viðbótargreiðslur láglauabóta.

1. gr.

Greiða skal aðilum, sem um er rætt í 2. gr. reglugerðar nr. 704/1982 með áorðnum breytingum, láglauabætur, enda uppfylli þeir öll eftirfarandi skilyrði:

1. Að laun skv. reit 21 á skattframtali 1982, sbr. 1. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 704/1982, séu á bilinu 10.000 kr. til 70.000 kr. og útsvarsstofn viðkomandi sé minna en 20.000 kr. umfram fjárhæð launa í reit 21.
2. Að eignarskattsstofn viðkomandi samkvæmt skattframtali 1982 sé eigi hærri en 326.250 kr. hjá hvoru hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, 489,375 kr. hjá einhleypingi og 652.500 kr. hjá einstæðu foreldri.
3. Að útsvarsstofn maka samkvæmt skattframtali 1982 sé ekki yfir 140.000 kr.
4. Að námsfrádráttur í reit 51 á skattframtali 1982 sé ekki hærri en 5.438 kr. Þetta skilyrði gildir þó ekki um þá sem hafa barn á framfæri sínu.

Láglauabætur samkvæmt grein þessari skulu vera 1.000 kr. en frá þeim bótum skal draga útborgaðar bætur samkvæmt reglugerð nr. 704/1982 með áorðnum breytingum. Lægri útborgun fjárhæðar en 300 kr. fellur niður við greiðslu.

2. gr.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu í janúar 1983 óskerta tekjutryggingu, skulu fá greiddar 1.000 kr. láglauabætur en þeir sem þá fengu skerta tekjutryggingu skulu fá greiddar 750 kr. láglauabætur að uppfylltum skilyrðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. þessarar auglýsingar. Breytingar er síðar kunna að verða gerðar á greiðslu tekjutryggingar fyrir janúar 1983 hafa ekki áhrif á ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Frá bótum, sem greiða skal út samkvæmt grein þessari, skal draga útborgaðar bætur samkvæmt reglugerð nr. 704/1982 með áorðnum breytingum, svo og útborgaðar bætur skv. 1. gr. þessarar auglýsingar. Lægri útborgun fjárhæðar en 300 kr. fellur niður við greiðslu.

3. gr.

Varðandi útreikning og kærufrest gilda reglur 2. og 9. gr. reglugerðar nr. 704/1982 með áorðnum breytingum.

4. gr.

Láglauabætur samkvæmt auglýsingu þessari skal greiða út í mars 1983 ásamt bótum samkvæmt reglugerð um breyting á reglugerð nr. 704/1982 um láglauabætur.

5. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.